

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK


TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

# blink

Party in your pocket!



Sykur-  
laust



#### Fjólublátt BLINK – sólberja

Þessi spennandi berjablanda með angan af piparmyntu er í uppáhaldi hjá svo mörgum enda hressir hún hraustlega og vökvar bragðlaukana þína.



#### Grænt BLINK – með grænum eplum

Safaríkur, safaríkur og safaríkur keimur af grænum eplum – súr, en ekki of súr því hann er í einstöku sambandi við myntuna. Þessi blanda lætur ferskleikann flæða um munninn.



#### Svart BLINK – saltlakkrís

Þetta er lakkrísblandan sem nær hinu fullkomna jafnvægi – ekki of sæt og ekki of sölt. Þegar þú byrjar á þessum verður erfitt að hætta...



#### Appelsínugult og rautt BLINK – Ferskju-berja

Algjörlega ný og fersk blanda sem þú hefur ekki upplifað áður. Aðalbragðið kemur úr jarðarberjum – en það er umvafið ferskjum til að skapa einstaka upplifun. Prófaðu! Þú átt eftir að elska það!



#### Blátt BLINK – piparmyntu

Algjörlega sígilt bragð og í fullkomnu jafnvægi til að hressa þig og munninn þinn við. Ekki of sterkt bragð en heldur ekki of flatt – heldur nákvæmlega eins og hin fullkomna mynta á að bragðast!

[www.blinkmints.com](http://www.blinkmints.com)

Finndu okkur á [facebook.com/blinkmyntur](https://www.facebook.com/blinkmyntur)



Ætli hinir íslensku Bieber-tvíburar láti sjá sig í göngunni á laugardaginn?



Hópur ungra stelpna stendur fyrir göngu um helgina niðri í miðbæ í því skyni að hvetja **Justin Bieber** til að koma til landsins og halda tónleika á Íslandi.

**Aníta Rós Þorsteinsdóttir** sagði **Monitor** nánar frá þessari hressu kröfugöngu.

„Við höfðum séð frá eins göngum í Noregi og Danmörku sem krakkar þar hafa haldið og sem sagt tekið upp svipmyndir frá þeim á myndband og tekið ljósmyndir sem þeir klipptu svo flott myndband úr. Myndbandið sendu þau síðan til Justin Bieber á Twitter og hann sá það þar og okkur skilst að hann hafi síðan komið til þessara landa eftir að hann sá þessi myndbönd,“ segir Aníta Rós sem er ein af stelpuhópnum sem stendur fyrir Bieber Parade á Íslandi sem fram fer á laugardaginn. Þær hyggjast leika sama leik og krakkarnir í Skandinavíu, en hvernig varð þessi hópur sem stendur fyrir göngunni til? „Ein af stelpunum er vinkona mín frá fyrri tíð en þessi hópur varð til þegar ein stelpa stofnaði hóp á Facebook fyrir Bieber-aðdáendur og í kjölfarið kynntumst við allar stelpurnar í hópnum.“ Hún segist hafa fylgst með upphaldið í þónokkurn

tíma. „Ég og vinkona mín fundum Justin Bieber á YouTube áður en hann varð frægur en við byrjuðum að fylgjast meira með honum einmitt þegar hann byrjaði að vera svona rosalega frægur.“

### Bieber í Höllina, herinn burt!

Byrjað var að auglýsa gönguna fyrir þónokkru síðan og þegar þetta er ritað hafa um 3.300 manns gefið til kynna að þeir hyggjast mæta. „Gangan fer þannig fram að við ætlum að byrja á Hlemmi og labba þaðan niður á Ingólfstorg. Allir eru hvattir til að mæta í einhverju fjólubláa, af því að það er upphaldsliturinn hans Justin, eða í einhverjum öðrum Justin Bieber-fatnaði, og helst með skilti eins og í kröfugöngum. Að sama skapi hvetjum við alla til að koma með myndavélar til að auðvelda okkur að búa til myndbandið sem verður sent til Justin,“ segir hún og bætir við að

stemningin fyrir göngunni sé góð. „Við vonum bara að sem flestir mæti. Það eru náttúrulega margir búinir að segjast ætla að mæta á Facebook en eru bara að grínast með þetta. Við þekkjum samt alveg mikið af stelpum sem ætla að koma, reyndar stráka líka, og að sjálfsgöðu eru allir velkomnir.“ En ef Justin Bieber kæmi loks til landsins og tæki kærustu sína með, hana Selena Gomez, myndu þær sem standa fyrir göngunni taka henni opnum örmum? „Já, hún er samt svolítið umdeild, bæði innan hópsins og almennt á meðal Bieber-aðdáenda. Það eru flestir sáttir við hana, því Justin er hamingjusamur með henni, en það eru nokkrir sem gjörsamlega þola hana ekki.“

Gengið verður af stað kl. 16:00 á laugardaginn.

## Monitor mælir með

### Í SPILARANN

Íslandsvinirnir úr hljómsveitinni Bombay Bicycle Club sendu nýverið frá sér nýja plötu, A Different Kind of Fix, sem er jafnframt þeirra þriðja plata. Óhætt er að segja að platan sé einstaklega góður gripur sem á heima í safni allra smekkmanna.



### Í GLASID

Þegar mann langar einfaldlega að gera vel við bragðlaukana er fátt betra en að hella upp í sig sveiköldum safu frá Berry Company. Safarnir fást í öllum helstu matvöruverslunum og er rauða útgáfan þar fremst á meðal jafningja.

### UM HÁLSINN

Þegar sumarlegu sólskinsdagarnir eru farnir að syngja sitt síðasta og nöpru haustvindarnir farnir að láta á sér kræla er afar mikilvægt að vefja góðum trefli utan um hálsinn til að halda kvefi og hálsbólgu í skefjum.



## Vikan á...

### facebook

**Berndsen & The Young Boys** Bubbi verður með okkur á Airwaves í Úlfapels, þetta verður one time thing. Þæg ég like á það eða hvað!!!!

7. september kl. 12:49

**Vala Grand** Wow hvað kennarinn minn er falglegur gaman að fylgjast með hann uppá töplu skrifa eitthvað (nice background) ahahahahahaha

7. september kl. 10:53

**Bubbi Mort-hens** Haustið er æska vetrarins.

6. september kl. 22:01

**Björn Bragi Arnarsson** Ísland er með 100% sigurhlutfall og hefur ekki fengið á sig mark með Hannes Þór Halldórsson á milli stanganna. Alltof flottur í kvöld. He ain't heavy, he's my brother!

6. september kl. 20:53

**Simmi Vill** Stundum oska eg tess að eg se jafn gafadur og sumir halda að teir seu!

5. september kl. 15:38

## Feitast í blaðinu

Stórborgin New York hefur verið helsti áhrifavaldur **Brynju Péturs** í dansinum. >>>4

Meðlimir hljómsveitarinnar **1860** voru teknir í svaka spurningakeppni. >>>6

**Sigurjón Kjartans** hefur aldrei litið á sig sem skemmtikraft né þungarokkara. >>>12

Monitor tók út **dauðdagana** í Hollywood sem hafa orðið ódauðlegir. >>>16

**Vanilla Ice** átti kengúru að nafni Bucky sem gæludýr og er grænmetisæta. >>>18

## Efst í huga Monitor

# Leðurblakan í stað plankansins?

Eins og við vitum flest að þá ganga hér yfir einhvers konar æði með reglulegu millibili. Monitor gerði einmitt úttekkt á því fyrir einhverjum vikum og rífaði upp Poxið, NBA myndirnar, Yo-yo æðið og fleira. Það hefur ekki farið framhjá neinum að plankið hefur riðið feitum hesti á þessu ári og fólk á öllum aldri er tilbúið að leggjast á flatan magann í tíma og ótíma. Monitor hugleiddi einmitt að gera úttekkt á því á sínum tíma en vegna ágreinings blaðamanns og framleiðslustjóra varð ekkert úr því.

Það sem er þó efst í huga blaðamanns um þessar mundir er að koma af stað nýju æði hér á landi; leðurblökunni. Hugmyndin er alls ekki ósvipuð plankinu því hér þarf

að koma sér í ákveðna stöðu og taka mynd af herlegheitunum. Eins og sést á meðfylgjandi mynd, sem tekin var á æfingu þann 25. ágúst, þá getur leðurblakan þó verið ansi hættuleg sérstaklega ef einhverjir ofurhugar ætla að framkvæma þetta í hæstu hæðum.

Bléikt.is birti í vikunni myndband af strákum ytra sem stunduðu svokallað Batmanning. Þar eru fæturnir alveg beinir en leðurblakan er ekki eins krefjandi því þar má beygja fæturna yfir hlutinn sem kemur til með að halda viðkomandi á lofti. Ristjóri er þó alfarið hættur sjálfur að taka leðurblökuna en hvetur þó lesendur til að láta á það reyna. Annars óskar Monitor ykkur alls hins besta. jrr



# KEMUR MED NEW YORK TIL ÍSLANDS

**Brynja Pétursdóttir** er hæfileikarík stúlka sem bæði kennir dans og hennar sína eigin fatalínu. Hip hop virðist vera henni í blóð borið og hún vill smita fleiri Íslendinga af bakteríunni.

**Hvenær byrjaðir þú að dansa?** Ég er búin að dansa síðan ég man eftir mér. Ég var alltaf að herma eftir vídjóum á MTV þegar ég var pínulítill. Michael Jackson og einhver hip hop-vídjó.

**Hvar lærðir þú?** Ég lærði hip hop-dans í Kramhúsinu og magadans hérna heima. Svo fór ég út og hef lært aðallega í New York. Ég fór fyrst þangað 2007 og var það sumarið í einkatímum hjá helstu street-dans-kennurum í heiminum. Aðal hip hop-kennarinn minn er Buddha Stretch en hann er ídulega titlaður sem fyrsti hip hop-danshöfundurinn. Hann vann meðal annars sem danshöfundur fyrir Michael Jackson. Hann kenndi mér hip hop, popping, locking og house sem eru þessir helstu „street“-stílar og undirbjó mig mjög vel til þess að kenna og stækka senuna hér á Íslandi. Þar fékk ég nefnilega bæði grunninn í dansinum en kynntist líka sögunni vel.

**Hvenær uppgötvaðir þú að hip hop væri stefnan sem þú vildir leggja áherslu á?** Ég hef verið hip hop-haus síðan ég var níu ára en þá keypti ég fyrstu 2Pac plötuna mína. Þá var ekki aftur snúið.

**Svo kennir þú líka dancehall og waacking?** Þessir stílar eru mjög skemmtilegir, í dancehall eru miklar mjaðmahreyfingar og þeim stíl fylgir mikil tækni. Sexi og flottur stíll. Waacking kemur frá samkynhneigða samfélaginu í Los Angeles. Það er rosalega kvenlegur stíll og mikið öðruvísi.

**Hvar hefur þú lært þessa dansa?** Ég lærði waacking aðallega hjá Tyrone Proctor sem dansaði á Soul Train í gamla daga og það var þar sem stillinn m.a. varð til. Hann var á staðnum þegar stillinn var í mótun. Svo lærði ég líka mikið hjá lærling hans sem heitir Aus. Ég lærði líka hjá fleirum enda er allt morandi í þessu í New York. Vogueing lærði ég svo aðallega hjá Benny Ninja sem hefur komið mikið við sögu í America's Next Top Model.

**Hverjir eru það sem hafa mótað þig sem dansara?** New York og senan þar hefur mótað mig mest. Ég er svo mikið þar. Ég fer þangað á hverju ári og dvel með þessum helstu dönsurum. Það er alveg frábært að vera með öllum þeim sem ég leit upp til áður fyrr. Það er í raun ekki hægt að lýsa því hvernig það er að vera með þessum mögnuðu dönsurum á dansgólfinu.

**Getur hver sem er bara mætt á svæðið og byrjað að hanga með aðalliðinu?** Já, ef maður er einlægur, elskar dansinn og virkilega sýnir að maður hafi áhuga á því að læra réttan grunn þá vill fólk kenna manni.

**Heldur dansinn í uppruna sinn? Er þetta komið af götunni og inn í danssali?** Nú er þetta orðin svo fullorðin sena. Í gamla daga var þetta bara úti á götu. Auðvitað er þetta ennþá á götunni en þau sem byrjuðu senuna eru orðin fullorðin í dag og lifa á því að kenna þetta í stúdíói. En á hverju kvöldi eru klúbbakvöld og þar hittir maður allt aðalfólkið og þar er dansað alla nóttina. Þannig heldur „street“-filíngurinn sér í þessu.

**En hvernig er senan á Íslandi?** Ég finn að meðvitund dansara er að verða meiri en hún þarf að vera sterkari svo þetta geti náð einhverri fötfestu. En ég vona innilega að senan nái að stækka og nái fötfestu á Íslandi.

**Svo ertu með eigin fatalínu.** Já, ég er grafískur hönnuður. Ég lærði það í Listaháskólanum og þar kynntist ég helling af flottum fatahönnuðum. Mig hefur alltaf dreymt um að gera eigin línu síðan ég byrjaði að fara til New York. Þar sé ég að dansarar eru að gera sína eigin boli og svona og svo hafði ég fundið fyrir því að það var markaður hér fyrir þessu því að fólk spurði mig oft: „Hvar færðu svona „baggy“ buxur?“ En ég er að selja þessa línu í danstímunum mínum og viðtökurnar hafa verið mjög góðar.

jrj

Fyrstu sex: 031084

Fullt nafn: Brynja Pétursdóttir

Uppruni: Lauganes, Reykjavík

Starf: Danskennari og eigandi fatalínu

Síða: www.brynjapeturs.is

NÝIR  
OG SPENNANDI  
RÉTTIR!

# HOLLT OG GOTT!

Fljótlegir, hollir og ljúffengir mexíkóskir réttir fyrir fólk sem hugsar um heilsuna. Kíktu í heimsókn – þú hefur gott af því!

SERRANO.IS



## 6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT  
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI

  
**serrano**  
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

# FRÓÐASTI MAÐUR BANDSINS

Hljómsveitin 1860 sendi frá sér sína fyrstu breiðskífu, Sagan, fyrr í vikunni. Af því tilefni kannaði Monitor hver væri fróðasti maður hljómsveitarinnar á sviði dægurmenningar.



Hlynur Hallgrímsson

1. 1989. **RÉTT**
2. Það er hún Þórunn Antonía. **RÉTT**
3. Drew Barrymore. **RÉTT**
4. Bíddu bíddu, ég var að skoða hann á Wikipedia um daginn. Er það Baby? **RÉTT**
5. Þeir vildu franskar, sósu og salat. **RÉTT**
6. Þessi bók er til heima. Rokksaga Íslands? **RÉTT**
7. Hann var Múfasa. **RÉTT**
8. Magnús Guðmundsson. **RÉTT**
9. Wales. **RÉTT**
10. Heyrðu, það var Macaulay okkar Culkin. **RÉTT**
11. Vá, er það ekki voða mikið 2007? Ég giska samt á 2008. **RÉTT**
12. Það var hún Reese Witherspoon. **RÉTT**

8 stig

Kristján Hrannar Pálsson

1. Það held 1989. **RÉTT**
2. Þetta á ég að vita en man ekki, ég á eftir að fá mér kaffibolla. **RÉTT**
3. Var það ekki Kirsten Dunst? **RÉTT**
4. Ég bara veit það ekki, giska á Fernando. **RÉTT**
5. Sósu og salat. **RÉTT**
6. Eru ekki allir í stuði? **RÉTT**
7. Hann talaði fyrir Múfasa. **RÉTT**
8. Magnús Þór Jónsson. **RÉTT**
9. Er hann ekki bara Íri? **RÉTT**
10. Ég veit það ekki. **RÉTT**
11. Var það ekki 2005? **RÉTT**
12. Ég giska á Reese Witherspoon. **RÉTT**

6 stig

Óttar G. Birgisson

1. Það er góð spurning. Ætli það hafi ekki verið árið 1990? **RÉTT**
2. Það er hún Þórunn Antonía. **RÉTT**
3. Það var hún Drew Barrymore. **RÉTT**
4. Elvis. **RÉTT**
5. Bernaise-sósu. **RÉTT**
6. Eru ekki allir í stuði? **RÉTT**
7. Það er Múfasa í Konungi ljónanna. **RÉTT**
8. Það er Magnús Þór Einarsson. **RÉTT**
9. Ætli hann sé ekki frá Grikklandi? **RÉTT**
10. Það var Macaulay Culkin. **RÉTT**
11. Sennilega 2006. **RÉTT**
12. Það var hún Reese með skeiðina sína (Witherspoon). **RÉTT**

6 stig

/// Sáttur með sigurinn, eru ekki allir í stuði?

Hlynur Hallgrímsson kl. 10:41 7. september 2011

1. HVADA ÁR SÖNG DANÍEL ÁGÚST FRAMLAG ÍSLANDS TIL EUROVISION?
2. HVADA SÖNGKONA ER DÓTTIR HINS ÁSTKÆRA TÓNLISTARMANNS MAGNÚSAR ÞÓRS SIGMUNDSSONAR?
3. HVADA FRÆGA HOLLYWOOD-LEIKKONA LÉK Í E.T. AÐEINS SJÖ ÁRA AÐ ALDRI?
4. HVERT ER MILLINAFN UNGSTIRNISINS JUSTIN BIEBER?
5. Í MYNDinni MEÐ ALLT Á HREINU SUNGU STUÐMENN UM LANGBESTU SJOPPU SEM ÞEIR HÖFÐU NOKKURN TÍMANN KOMIÐ Í. HVAD VILDU ÞEIR FÁ ÁSAMT FRÖNSKUM KARTÖFLUM?
6. FYRIR ÁRATUG SIÐAN GAF DR. GUNNI ÚT BÓK UM SÖGU ÍSLENSKRAR DÆGURTÓNLISTAR. HVAD HEITIR ÞESSI ÁGÆTA BÓK?
7. LEIKARINN JAMES EARL JONES RADDSETTI SVARTHÖFÐA Á ÓGLEYMANLEGAN HÁTT Í STJÖRNUSTRÍÐSMYNDUNUM. HANN TALADI EINNIG FYRIR FRÆGA PERSÓNU Í EINNI DISNEY-TEIKNIMYND. HVADA PERSÓNA VAR ÞAÐ?
8. HVERT ER HIÐ RÉTTA NAFN TÓNLISTARMANNSINS MEGASAR (FULLT NAFN)?
9. Í HVADA LANDI ER KYNTÁKNID TOM JONES FÆTT?
10. HVADA BARNASTJARNA LÉK Í TÓNLISTARMYNDBANDI MICHAEL JACKSON VIÐ LAGIÐ BLACK OR WHITE?
11. HVADA ÁR TRÓÐ RAPPARINN 50 CENT UPP Á ÍSLANDI?
12. HVER LÉK JUNE CARTER Í MYNDinni WALK THE LINE UM ÆVI JOHNNY CASH?



# Eigðu góða stund með vini



Ef þú verlar fyrir 5.000 kr. eða meira á fimmtudögum í einni verslun eða veitingastað í Smáralind, færðu **2 fyrir 1** í Smárabíó sama kvöld með því að sýna kassakvittunina!

Njóttu þess að koma með vini í Smáralind á fimmtudögum í september. Þið fáið frábær vináttutilboð í mörgum verslunum sem virka þannig að kaup á einum stað veita afslátt á öðrum.

Láttu ekki vinatilboðin fram hjá þér fara!

## HJÁ OKKUR FÆRÐU VINATILBOÐ

DEBENHAMS	POLARN O. PYRET	Zink	D.
VILA CLOTHES	SAINTS	BJARKARLÖM	TE & KAFFI
UNITED COLORS OF BENETTON	VERÖLDIN OKKAR	Signatures Of Nature máttárlégar og lífrænar snyrtivörur	OASIS KAREN MILLEN
JACK & JONES® SELECTED HOMME	VERO MODA® VILA CLOTHES	VERO MODA® VILA CLOTHES	
CARAT	Optical Studio	MAKE UP STORE	
fierra GARDURINN	Leonard		



## JAKKINN

Þessi stutti jakki er úr loðefni og á honum er smá glansefni. Hann er fjólblár og hægt er að setja þumla í gat á erminni. Hann hentar við mörg tilefni.



## PÆJUKJÓLL

Þetta er vængjakjól með glansefni og gegnsæju snákaefni. Smá rokk og ról.



## SNÁKA-LEGGINGS

Leggingsbuxur úr latexi og gegnsæu snákaefni. Þessar eru flottar við stutta boli eða kjóla.



## Á KÖGUR STUNDU

Hér er síður hálfgegnsær bolur með kögri í hálsmáli. Hann passar mjög vel við leggingsbuxurnar í nýju línunni minni.



# Ekki tilbúin að fórna krókódíl

**Edda Bóasdóttir** er þrítugur hönnuður sem er búsett í Osló. Hún mun sýna nýju línuna sína á *Iceland Fashion Week* í kvöld. **Stíllinn** fékk að kíkja á nokkrar glænýjar flíkur.

Edda Bóasdóttir hefur hannað fót síðan hún var tólf ára en þá saumaði hún fót á vinkonur sínar fyrir skólaböllin. Síðan þá hefur verið mikið með puttana í hönnun og fatagerð og vann meðal annars í London fyrir hið þekktu fatamerki DKNY. Fyrir einu og hálfu ári flutti hún til Noregs og hefur verið að vinna að nýju fatalínunni sinni síðan þá.

**Hversu mörg skópör átt þú?** Ég held ég muni aldrei leggja í það að telja þá. Ég á einhverja tugi af skóm enda er þetta einhvers konar árátta hjá mér.

## fatahönnuðurinn

**Hvaða snyrtivöru gætir þú ekki verið án?** Sjampó og hárnæring

er eitthvað sem ég get ekki verið án. Það þarf ekkert að vera neitt sérstakt merki en það þarf að lykta vel.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú í dag, hvað myndir þú fá þér og hvar?** Ég er komin með nokkuð mörg en ætli ég myndi ekki klára bakið á mér.

**Ef þú myndir fá 3 milljónir fyrir að búa til leðurbuxur en þyrftir sjálf að drepa krókódíl til að útvega efni í flíka myndir þú gera það?** Nei, ég væri nefnilega ekki tilbúin að fórna krókóðilum.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?** Mitt á milli rokks & glamúrs

**Hvar sækir þú innblásturinn fyrir þína hönnun?** Innblásturinn kemur ótrúlega mikið heima hjá mér og í hausnum á mér. Ég er kannski að hanna eina flík og þá fæðast hugmyndir að fleiri flíkum.

## VINSÆLAST

Latex leggins með blúndu. Þær eru í raun eins og stuttbuxur að ofan. Þessar buxur eru búnar að vera lang vinsælastar hjá mér hér heim og úti í Noregi.



## MYNDALEGGINGS

Leggingsbuxur úr glansefni með myndum á af Mono Lisu og fleiru. Þær eru úr svörtu Jersey efni.



## SKVÍSUBOLUR

Þetta er svartur kjóll úr glans-teyju efni með hlébarðaborða í miðju. Algjör skvísubolur.




## VÆNGIRNIR

Þetta eru ermavængir með pallietum. Þessar ermar eru tilvaldar yfir kjóla.







**NÝJASTA**  
**SÝNISHORNID**



**VERSACE SJÁLF**  
**Í NÝJU LÍNUNNI**

# Versace hannar nýja línu fyrir H&M

Í gegnum tíðina hefur **H&M** átt farsælt samstarf með mörgum þekktum fatahönnuðum og poppstjörnum. **Karl Lagerfeld**, **Stella McCartney** og **Madonna** hafa öll sett nafn sitt á fatnað frá H&M en næst í röðinni er sjálf **Gianni Versace**.

Í júní síðastliðnum tilkynnti H&M að von væri á nýrri línu frá þeim í haust sem hin þekktu Versace kæmi til með að hanna. Strax í kjölfarið birtust nokkrar myndir af Versace sjálfri í kjól úr línunni og einnig sáust myndir af fyrirsætum sem klæddust H&M fatnaði sem Versace hannaði.

Síðasta þriðjudag lak svo á netið mynd úr komandi

vörulista H&M sem sýnir fyrirsætuna Abbey Lee Kershaw í björtum og litríkum kjól og buxum með kínerskum áhrifum. Um mittið ber hún svo belti í klassískum Versace stíl.

Það verður því spennandi að sjá línuna í heild sinni þegar hún kemur í verslanir þann 19. nóvember en það er ljóst að þar ætti að vera eitthvað fyrir alla.



**VERSACE PASSAR**  
**AD ALLT SÉ Í STANDI**



**OROBLU**

# Á pallinn með rúmenskum ofurfyrirsætum

## SANDRA

Fyrstu sex: 160486  
Nafn: Sandra Sigurjónsdóttir  
Starf: Hárgreiðslunemi

**Hvað er að gerast um helgina?** Á morgun hefst Iceland Fashion Week. Ég er að fara að taka þátt í tískusýningu sem fer fram á Spot í Kópavogi. Þar munum við sýna föt sem Edda Bóasdóttir hefur hannað. Ég er mjög spennt.

**Eru ekki erlendar fyrirsætur á leiðinni?** Jú, 14 rúmenskar fyrirsætur eru að koma til landsins. Þær eru að taka þátt í Rumanian Next Top Model-þáttunum úti. Það verður gaman að fá að sýna með þeim.

**Ætlar þú að reyna að eignast rúmenska pennavinkonu?** Já, það er mín heitasta ósk.

**Ertu mikið í fyrirsætustörfum?** Já, það koma verkefni af og til. Ég reyni að taka þátt í því sem mér finnst spennandi. Ég hef mjög gaman af þessu.

**Er ekki toppurinn að fá að taka þátt í Iceland Fashion Week?** Þetta er rosalega flott og það er liggur við rífst um að fá að taka þátt í þessu. Fyrir íslenska tiskumarkaðinn þá er þetta mjög stór viðburður.

**Hvernig líkar þér í hárgreiðslunni?** Mér líkar rosalega vel. Ég er að útskrifast um jólin. Þetta er búið að vera langt nám en skemmtilegt. Mig langar einmitt að reyna að vera að greiða stelpunum á Iceland Fashion Week á næsta ári.

**Hvað er skemmtilegast í hárinu? Er það strípur eða permanent?** Það er skemmtilegast að greiða fyrir sýningar og myndatökur. Það er svo mikil vinna að setja permanent, mikil þolinmæðisvinna. Það getur verið þreytandi að setja allar þessar litlu rúllur í hárið svo maður þarf að vera mjög þolinmóður.

**Ertu búin að æfa einhverja „pósu“ sem þú ætlar að nota á tiskupallinum?** Ætli ég reyni ekki bara að detta með stæl (hlær).

## ICELAND FASHION WEEK

Iceland Fashion Week verður haldin um helgina. Meðal þeirra sem verða í eldlínunni eru þær **Sandra Sigurjónsdóttir** og **Tinna Cleopetra Jónsdóttir** þegar þær taka þátt í tiskusýningu á Spot í kvöld.

## Ætlum að toppa síðasta ár

**Þú varst að vinna á Fabrikkunni. Ertu hætt þar?** Ég er lærður þjónn og vann sem slík frá því ég var 17 ára svo það var fint að breyta aðeins til. Mér finnst gott að vinna á daginn í World Class með fyrirsætustörfunum.

**Hvenær byrjaðir þú í fyrirsætustörfum?** Ég byrjaði sem fyrirsæta þegar ég var 12 ára en mín fyrsta tiskusýning var þegar ég var 13 ára þegar ég sýndi fermingartískuna fyrir Gallerí Sautján í Kringlunni.

**Hefur þú fengið mörg verkefni síðan þá?** Já, ég hef verið heppin með það að ég hef fengið ýmis skemmtileg störf í hendurnar. Ég fór til dæmis til Karabíska hafsins í fyrra og vann þar í heilan mánuð við fyrirsætustörf hjá þekktum hönnuði. Svo er þetta annað árið í röð sem ég tek þátt í Iceland Fashion Week.

**Hvernig var upplifunin þegar þú tókst þátt í fyrra?** Vá, þetta var svo skemmtilegt. Ég var að sýna fyrir Steinunni Ketilsdóttur á fyrstu sýningunni og hópurinn var svo góður. Við vorum allar brosandí og stemningin var geðveik. Annan daginn var ég svo að sýna flíkur frá Pola frá Mexíkó eða „Mehíkó“. Á þriðja kvöldinu sýndum við svo fyrir Catalin Botazatu frá Rúmeníu en hún er einmitt að koma aftur í ár.

**Hvert stefnir þú?** Draumurinn er að fara út á næsta ári og reyna fyrir mér hjá stóru merkjunum í Milánó á Ítalíu, Armani, Dolce&Gabbana og öllum þeim.

**Eitthvað að lokum?** Ég er mjög spennt fyrir Iceland Fashion Week og við ætlum að toppa síðasta ár.

## CLEOPETRA

Fyrstu sex: 181289  
Nafn: Tinna Cleopetra Jónsdóttir  
Starf: World Class og fyrirsætustörf

SLOWFASHION2011

# ELLA

BY ELINROS LINDAL

# Hlustar ekki á þungarokk

Fóstbróðirinn og Tvíhöfðinn Sigurjón Kjartansson ætlaði að verða steypustöðvarstjóri í æsku en er í dag einn virkasti handritshöfundur í íslenskri sjónvarpsþáttagerð. Þessa dagana fer hann hamförum með rokkhljómsveit sinni, **HAM**, en hún gaf nýverið út splunkunýja plötu.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
Myndir: Gólli

einar@monitor.is  
golli@mbl.is

Sigurjón Kjartansson er flestum landsmönnum kunnugur fyrir fíflalæti, handritaskrif og rokk. Hann er fjölhæfur maður sem hefur leikið í vinsælustu grínþáttum landsins, án þess að líta á sig sem leikara, og verið höfuðpaur einnar flottustu þungarokksveitar landsins, án þess að líta á sig sem þungarokkara. Sigurjón og hljómsveit hans, HAM, halda útgáfutónleika í kvöld á Nasa en löngu er uppselt á þessa rokkveislu.

## Þú vaktir fyrst athygli fyrir að vera höfuðpaur rokk-sveitarinnar HAM. Var æskudraumurinn að verða rokkstjarna?

Nei, æskudraumurinn var að eiga steypustöð og ferðaskrifstofu en ég hef ekkert gert til að elta þá drauma. Það að stofna hljómsveit var alls ekki sprettið af því að það hafi verið einhvers konar draumur, það var eiginlega frekar af nauðsyn. Við stofnuðum hljómsveitina sem svona hækju, af því við vorum með ákveðnar áætlanir um að verða kvikmyndagerðarmenn en það reyndist bara miklu erfiðara. Það að stofna hljómsveit lá beinna við, það var auðveldara en að gera kvikmynd.

## Þú samdir einmitt mestalla tónlistina í hinni goðsagnakenndu kvikmynd Sódóma Reykjavík og lékst jafnframt í myndinni. Hvernig kom það til?

Við Óskar Jónasson kynntumst í kringum Smekkleysu og Sykurmolana, hann var sum sé að deita stelpu sem heitir Björk og var í Sykurmolunum. Hann var dálítið að fylgjast með HAM, við vorum stundum að hita upp fyrir Sykurmolana, og hann var með okkur úti í Bretlandi og var meðal annars bílstjóri okkar á leið milli London og Preston. Við vorum að spila þar og það var honum að kenna að við urðum seinir á tónleika þar og urðum því miður frá að hverfa, það var allt honum að kenna. Hann var nýskriðinn úr kvikmyndaskóla þarna í London og einhverja hluta vegna vildi hann að HAM yrði með í þessari bíómynd. Mér skilst að grunninnblásturinn að þessari mynd hafi kviknað á tónleikum með okkur.

## Mesta athygli hefur þú sennilega vakið fyrir að vera hluti af Tvíhöfða, gríntvíeykinu með Jóni Gnarr. Hvers vegna hefur samstarf ykkar verið svona gæfuríkt?

Ég veit það ekki, við höfum bara báðir að ég held þokkalega frumlega nálgun á tilveruna þannig að okkur tókst að búa til einhvern heim í sameiningu sem var einhvern veginn ekki eins og annarra heimur. Það er ekkert hægt að lýsa því neitt frekar.

## Hefur ykkur alltaf gengið vel að vinna saman?

Nei, nei, við vorum stundum dálítið eins og gamlar kerlingar eða gömul hjón sem tuða sífellt hvort í öðru. Sumum fannst það sætt, ég man að Helga Braga hafði orð á því hvað það væri fallett hvað við ættum gamalt samband og værum eins og gömul hjón (hlær). Okkur hefur þó engu að síður oftast fundist frekar auðvelt að vinna saman þótt við höfum stundum verið að kýtast.

## Í dag er hann orðinn borgarstjóri. Hefur samband ykkar breyst?

Já, eðlilega á vissan hátt, við erum dálítið eins og gamlar vinkonur sem kjafta saman í síma um helgar. Jón er reyndar eini karlmaðurinn sem ég þekki sem hringir stundum í mann án nokkurs erindis. Við vinnum ekkert saman sem heitið getur í dag og erum báðir mjög uppteknir hvor í sínu. Við sjáumst sjaldnar.

## Saman hélduð þið úti skemmtiþætti í útvarpi í mörg ár sem um tíma var vinsælasti morgunþáttur landsins. Hvernig var að rífa sig alltaf eldsnemma á fætur til að skemmta fólki á leið í vinnuna?

Það var skemmtilegt en líka bólvað vesen. Þetta er ekki

beint fjölskylduvænn tími til að vinna auk þess að á meðan maður var að gera þetta þá var voðalega erfitt að gera eitthvað annað. Þetta tók, allavega hjá okkur, svona alla okkar skapandi orku. Þó svo við værum kannski búinir í vinnunni klukkan tvö, þá var maður alveg búinn þá og gat ekki gert mikið meira eftir það. Þegar við hættum í þessu morgunstússi árið 2005, þá tók við dálítið nýtt líf hjá okkur sem ég er mjög sáttur við og við höfum báðir í sitt hvoru lagi ávaxtað vel sköpunarlega séð eftir það. Þá höfum við haft tíma til að gera hluti sem okkur dreymdi áður um að gera þegar við vorum fastir í þessum morgunkjallara.

## Hvað kom til að þú hættir að vera síðhærður rokkari og gerðist skemmtikraftur?

Ég hef aldrei litið á mig sem skemmtikraft, í fyrsta lagi. HAM var búin að sigla sinn sjó árið 1994, við vorum búinir að fara til útlanda og prófa að búa í nokkra mánuði í New York og svona. Maður sá ekki mikinn flöt á því að verða tónlistarmaður að einhverri atvinnu. Einhvern veginn þá vissi ég að þetta lægi ágætlega fyrir, það var líka kominn tími á að við Jón færum að vinna saman. Við vissum báðir að það myndi gerast og það var farið að banka á dyrnar. Í kringum '94 og '95 þá small þetta allt. Það var samt ekki eins og ég hefði vaknað upp einn morguninn og hugsað: „Nú ætla ég að verða svona og segja bless við rokkid“, það var ekkert svoleiðis og síða hárið f auk löngu áður en HAM hætti.

## Síðar tóku Fóstbræður við hjá þér. Ykkur tókst að framleiða margar seríur af grínefni sem er ekki ýkja algengt í íslensku sjónvarpi. Hver er galdurinn við það að vera myndin?

Það er svo margt ógert hér á landi, og það er kannski það fallega við Ísland, og þarna var tækifæri til að gera eitthvað sem hafði aldrei verið gert áður – eða okkur fannst það allavega. Við vorum á svona „missjóni“ að breyta heiminum. Við gerðum dálítið út á kaldhæðnislegan humor, húmorinn sem okkur fannst myndin, en það var ekkert flóknara en það. Hann hitti í mark en hann var líka umdeildur, það var mikið hringt og kvartað en það var bara hluti af vinnunni. Það gerast aldrei neinar breytingar nema það sé einhver sem vælir.

Við vorum að reyna að afla okkur einhverra tekna þannig að við gætum lifað á tónlistinni því við gátum það ekki með því að spila einu sinni í mánuði á Hótel Borg.

## Kemur fólk ennþá upp að þér og fer með einhverja brandara úr Fóstbræðrum?

Já, það gerist nú nokkrum sinnum í mánuði. Það leggst ágætlega í mig, mér finnst alltaf gaman þegar fólk kann að meta það sem maður hefur verið að gera.

## Hver fannst þér myndnasti karakterinn í Fóstbræðrum?

Ég held að það hafi verið einn karakter sem Jón lék. Hann var aumkunarverður karl sem var alltaf að kvarta undan því að hann hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Hann var mjög myndin.

## Var einhver karakter sem þú skrifaðir en einhver annar lék svo þú hefur aldrei fengið „kredit“ fyrir?

Já, ég átti meðal annars þátt í því að skrifa þennan karakter sem ég var að nefna. Ég átti þátt í að skrifa heilan helling af þessu en mér er alveg sama um eitthvað „kredit“. Ég hef aldrei litið á mig sem einhvern sérstakan

## HRÆDASPURNINGAR

Fyrstu sex: 200968

Uppáhaldsmatur: Lifrarpylsa.

Uppáhaldslag úr eigin smíðju: Trúboðasleikjari.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Þetta er erfitt, Central Park.

Helsti kostur: Ég er svo ótrúlega frábær náungi.

Versti ávani: Ég byrja oft rosalega fljótt að leita að sökudólgum ef eitthvað bjátar á.



leikara og Jón, Þorsteinn og ég tala nú ekki um Helgu Brögu áttu miklu meira inni fyrir því að leika eftirminnilega karaktera heldur en ég. Ég hef aldrei haft neinn metnað fyrir leik og hefði helst viljað sleppa því að leika.

## Ert þú orðinn þreyttur á því að þú færð ennþá endalaust af spurningum um Fóstbræður þegar þú mætir í viðtöl, tíu árum eftir að þátturinn leið undir lok?

Nei, ég er í sjálfu sér ekki þreyttur á neinu svona. Ég verð upp með mér að mörgu leyti, að fólk sé ennþá að tala um Fóstbræður, það sýnir bara að þessir þættir hafa lifað, sem er ánægjulegt.

## Þú varst á meðal handritshöfunda Fóstbræðra, bjóst til Svínasúpuna og skrifaðir einnig handritið að Pressu og fleira sjónvarpsefni. Ert þú lærður í handritaskrifum?

Það sem ég lærði í Fóstbræðrum var að mér fannst skemmtilegast að skrifa og horfa á þættina. Mér fannst gaman að eiga þátt í framleiðslunni en mér finnst aldrei gaman að standa í tókunum sjálfum. Ég hafði þess vegna metnað í að halda áfram að búa til sjónvarpsefni og kalla saman fólk, búa til svona konsept að sjónvarpsþáttum. Ég fékk gott tækifæri til að gera það með Svínasúpuni, síðan plottuðum við Óskar Jónasson Stelpurnar saman. Svo kom Pressan til sögunnar, það var bara sú hugmynd að búa til íslenskan sakamálaþátt. Undanfarin fimm, sex ár hefur það sem sagt verið mitt starf að skapa seríu-konsept og vinna áfram með þau. Ég hef ekki sótt mér neina beina menntun enda held ég að það sé ekki mikið um formlega menntun í þessu ef þú leitast úti í heimi. Þetta er óhefðbundin kvikmyndagerð, að halda utan um handritsteymi og allt í kringum það, en ég hef sankað að mér í reynslubankann í gegnum tíðina.

## Sagt er að þið í Tvíhöfða eigið einhvern heiður af velgengni Hugleiks Dagssonar. Hvað er til í því?

Já, hann hefur nú sagt það opinberlega. Hugleikur varð „frægur“ við það að vera fastur innhringjandi í Tvíhöfða og var gjarnan að vinna kvikmyndagetraunir. Síðar þróaðist það út í að hann varð kvikmyndagagnrýnandinn okkar og kom mjög reglulega í þáttinn og svo teiknaði hann náttúrulega teiknimyndarþætti Tvíhöfða. Það sem hann hefur talað um er hins vegar að við höfum kennt honum ákveðnar vinnuaðferðir, það er að segja að það sem hann sá á okkur var að það væri hægt að lifa á fíflangangi. Ég er mjög stoltur af því að sjá hvað honum hefur gengið vel í því síðan.

## Hefur þú einhvern tímann hugleitt að safna aftur jafnsíðu faxi og þú varst með á upphafsárum HAM?

Nei, veistu það að fyrir nokkrum dögum var ég kominn með óþægilega sitt háir og þá sá ég líka að maður er aldrei meira „fjörutíu og eitthvað“ en þegar maður er með svona sítt háir, mér leið dálítið eins og útbrunnum hippa. Það er alveg hræðilegt að sjá gamla menn með sítt háir þannig að ég reyni að halda þessu millisíðu.

## Eins og þú nefndir dvaldist HAM á sínum tíma og spilaði í New York. Hvernig var sú dvöl? Var planið að meika það?

Já, já, það að „meika það“ er ofsalega mikið notað þegar menn ætla að reyna að stækka markaðinn fyrir litlu hljómsveitina sína á Íslandi en vissulega var það það sem við vorum að reyna að gera. Við vorum að reyna að afla okkur einhverra tekna þannig að við gætum lifað á tónlistinni því við gátum það ekki með því að spila einu sinni í mánuði á Hótel Borg og hvað þá af því að selja þessi



700 eintök af plötunni okkar sem við vorum vanir að selja. Við spiluðum á nokkrum stöðum þarna í New York og það var gaman en svo kom einmitt enn eitt gengishrunið þetta sumar sem við vorum þarna svo það neyddi okkur til að koma heim að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrr en við áætluðum. Við þökkum því krónunni kærlega fyrir velgengni okkar og í leiðinni er ég afskaplega þakklátur fyrir það að hafa borið gæfu til að verða ekki tónlistarmaður. Það hefði ekki fullnægt mér.

**Lengi vel var því haldið fram að hljómsveitin myndi aldrei snúa aftur en árið 2001 kom síðan Rammstein til landsins og HAM steig á svið á ný til að hita upp. Hvað kom til?**

Það er bara eins og öll bönd sem hætta, menn sjá ekki endilega fyrir sér að koma aftur. Þá var hins vegar svo gríðarlega mikið þrýst á okkur og svo vorum við akkúrat þá bara á þeim stað að okkur þótti skemmtileg tilhugsun að koma aftur. Það var fint að hita upp fyrir Rammstein og það kveikti alveg í okkur um að gera meira. Á milli 2001 og 2006 fórum við síðan að laumast einstaka sinnum til að hittast í kyrrþey og spila en það var ekki fyrr en 2006 að við fórum að gera eitthvað alvöru úr því og spila opinberlega. Þá var lagður grunnurinn að því sem nú heitir Svik, harmur og dauði, nýju plötunni.

**Það er stundum talað um að í kringum hljómsveitina HAM sé ákveðið költ. Verður þú var við það?**

Jú, það eru sannarlega til heitir aðdáendur sem koma á flestalla tónleika. Það eru venjulega þungarokkarar, þeir hafa tekið ástföstri við hljómsveitina. Það er kannski hægt að kalla þetta költ en það er ekki þar með sagt að við lítum á okkur sem einhverja æðstu presta.

**Þrátt fyrir að vera mikill rokkari hefur þú samið og gefið út fjöldann allan af popplögum og jafnvel rapplögum undir formerkjum Fóstbræðra og Tvíhöfða. Ert þú mjúkur poppari inn við beinið?**

Ég er ekki þungarokkari og hef aldrei hlustað á þungarokk að neinu ráði, ekki nema bara fyrir einhverja skyldurækni. Ég kaup mér ekki nýjustu plötuna með (hikar) – ég get ekki einu sinni nefnt neina hljómsveit. Ef við tókum til dæmis HAM, í dag er hún í raun bara innblásin af HAM. Ef við erum að hittast, æfa og semja, þá fæ ég innblástur til að gera HAM-lag sem er bara sprottinn af sjálfu sér. Þegar við vorum að byrja vorum við hins vegar kannski mest undir áhrifum frá hljómsveitum eins og Swans og Laibach frá Jógóslavíu. Þetta eru ekki frægar hljómsveitir í dag en reyndar hafa Rammstein talað um að þeir hafi orðið fyrir áhrifum frá Laibach, það er kannski samnefnarinn sem skýrir hvers vegna menn vildu gjarnan vera að spyrna okkur saman við Rammstein. Sjálfur hlusta ég á Cat Stevens, ef út í það er farið en svo sem líka Iggy Pop. Grínlögin eru meira bara eins og sketsaskrif, þau eru bara samin til að þjóna sketsinum.

**Nýja plata HAM sem ber nafnið Svik, harmur og dauði kom út í síðustu viku. Þú framleiðir sjónvarpsþætti í massavís, en pródúseraðir þú plötuna?**

Nei, hún er pródúseruð af manni sem heitir Aron Arnarsson sem er mikill snillingur. Hann hefur væntanlega stúderað hljómsveitina dálítið og talaði alveg sama tungumál og við. Áður höfðum við nú farið í gegnum nokkra pródúsenta og þar á meðal Roli Mosimann sem er svona þokkalega þekkt nafn í bransanum. Hann hafði verið meðlimur í hljómsveitinni Swans þegar þeir voru og hétu og þótti mikill spámaður í hávaðaheiminum. Hann kom meðal annars hingað til lands, er mikill gleðimaður og ágætisvinur okkar í dag. Ég man hins vegar að síðast þegar ég hitti hann í New York árið 1993, þá var hann á leið til Flórída að vinna með einhverjum sem kallaðist Marilyn Manson. Við vissum nú ekkert hver hann var, þetta átti að vera hans fyrsta plata. Síðan heyrði ég ekkert af þessu samstarfi þar til ég las ævisögu Manson og þar kom fram að hann hefði unnið með „einhverjum gaur sem hét Roli Mosimann“ og hann bar honum mjög illa söguna og kvartaði yfir því að hann burstaði ekki í sér tennurnar og væri ógurlega drykkfelldur og hann sem sagt rak Mosimann.

**Hvernig var stemningin í stúdíóinu núna sam-anborið við þegar þið voruð að gera ykkar fyrstu plötur?**

Það má bera þetta saman við ferlið þegar við vorum að gera plötuna Hold, við tókum þær upp á mjög svipaðan hátt. Við komum okkur fyrir í stórum sal hvar er hátt til lofts og vítt til veggja, sem við og gerðum þegar við vorum að gera Hold, og spiluðum alla plötuna inn saman – hún var tekin upp „live“ og við vorum bara þrjá daga að taka upp plötuna, þó svo að við höfum verið lengur að hljóðblanda hana og þess háttar. Fyrir hljómsveit eins og okkur, sem er þétt og vel spilandi, þá er þetta réttasta leiðin.

**Hefur þú einhvern tímann „stage dive-að“ á tónleikum?**

Nei, það hef ég aldrei gert enda myndi ég ekki þora því með gítarinn. Á sviði er ég bara mættur til að spila og syngja með og er voðalega lítið í svoleiðis ævintýrum, ég læt aðra um það. Ég man nú ekki hvort Óttarr hefur gert eitthvað álíka, hann hefur einhvern tímann hálfpartinn dottið af sviðinu og enginn var til staðar til að grípa hann.

**Þú hefur verið höfuðpaur rokksveitar sem spilar frumlega tónlist auk þess sem þú hefur verið frumkvöðull í skemmtiefnagerð í útvarpi og sjónvarpi. Þegar þú gefur út ævisögu þína, mun hún þá bera nafnið „Braumjandinn“?**

Þetta er skemmtileg spurning en það verður þá ævisaga sem verður ekki með mínu samþykki, það er voðalega flott. Það yrði einhver annar að kalla hana þessu nafni.

Sumum fannst það sætt, ég man að Helga Braga hafði orð á því hvað það væri fallett hvað við ættum gamalt samband og værum eins og gömul hjón.

## ÞETTA EÐA HITT

**Sjónvarp eða útvarp?** Ég kys sjónvarp fram yfir útvarp.

**Rokkstjarna eða handritshöfundur?** Bæði.

**Fóstbræður eða Tvíhöfði?** Erfitt en ég held reyndar Tvíhöfði. Það er svona kjarninn, stendur mér nærri.

**Jón Gnarr eða Óttarr Proppé?** Það er ómögulegt að gera upp á milli þessara tveggja manna.

**Hvort myndir þú frekar vinna sem borgarstjóri í fjögur ár eða ljónatemjari í eitt ár?** Ljónatemjari í eitt ár, takk fyrir. Það væri nú hættulegt djögg og ég er lítið fyrir hættu, en ég tæki það frekar.



# Nature's heilsurúmin

komin aftur í öllum stærðum

Ótrúlegt  
verð



Gegnheilar  
viðarlappir

Sterkur  
botn


## Nature's Rest

Dýna, botn og lappir:

90x200 cm kr. 65.900,-  
100x200 cm kr. 69.900,-  
120x200 cm kr. 75.900,-  
140x200 cm kr. 79.900,-  
160x200 cm kr. 99.900,-  
180x200 cm kr. 109.900,-



Vandað  
5 svæðaskipt  
pokagormakerfi



Sterkar  
kantstyrkingar



Mjúkt 100%  
bómullaráklæði



Heilsu- og  
hægindalag

## Nature's Comfort Pillowtop

Dýna, botn og lappir:

100x200 cm kr. 85.900,-  
120x200 cm kr. 95.900,-  
140x200 cm kr. 105.900,-  
160x200 cm kr. 119.900,-  
180x200 cm kr. 135.900,-

Gegnheilar  
viðarlappir



Sterkur  
botn



Vandað  
5 svæðaskipt  
pokagormakerfi



Steyptar  
kantstyrkingar



Mjúkt 100%  
bómullaráklæði



Heilsu- og  
hægindalag

## Dorma handklæðin margir litir

70x140cm kr. 1.390,-  
50x100cm kr. 690,-  
30x30cm kr. 129,-  
Baðmotta kr. 1.290,-



SÆNGURVERASETT  
MIKIÐ ÚRVAL



3.900,-

Sængurverasett

ILMUR MÁNAÐARINS



25%  
AFSLÁTTUR

YANKEE CANDLE®

a passion for fragrance®

Yfir 40 ilmtegundir

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18  
Lau frá kl. 11-17



DORMA

- býður góða nótt

Úrval af ilmkertum frá:

YANKEE CANDLE®

a passion for fragrance®

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

## Marion Crane

(Janet Leigh)

**Kvikmynd:** Psycho (1960)

**Dauðdagi:** Hnífstungur

Eitt af þekktustu atriðum kvikmyndasögunnar og eitt af minnstæðustu morðum Hollywood er sturtuatriðið í spennumyndinni Psycho. Marion ákvað að gista á sóðalegu móteli á flóttu sínum undan lögreglunni og skellir sér í sturtu við komuna. Mómmustrákurinn Norman læðist upp að henni í sturtunni og stingur hana nokkrum sinnum.



**DÚ MYNDIR EKKI VILJA HAFA ÞENNA INNI Á BAÐI**

## Dr. Malcolm Crowe

(Bruce Willis)

**Kvikmynd:** The Sixth Sense (1999)

**Dauðdagi:** Skotinn í kviðinn

Fyrrum sjúklingur barnasálfræðingsins Malcolm brýst inn á heimili hans, klæðir sig úr fótunum og bíður inni á baðherbergi eftir honum. Virkilega óhugnanlegt atriði þar sem sjúklingurinn ásakar Malcolm um ófullnægjandi greiningu og skýtur hann loks í kviðinn.



# ÓDAUÐLEGIR DAUÐDAGAR

**Monitor** tók saman nokkra eftirminnilega dauðdaga úr smiðju Hollywood. Listinn er að sjálfsögðu ekki tæmandi en hér eru nokkur atriði úr kvikmyndasögunni sem allir ættu að kannast við.

**LYKTIN HEFUR VAFALAUST VERIÐ VIÐURSTYGGILEG**



## Eduard Delacroix

(Michael Jeter)

**Kvikmynd:** The Green Mile (1999)

**Dauðdagi:** Þurr svampur og rafmagnsstóll

Óumdeilanlega einn sá hryllilegasti dauðdagi sem getur hugsast. Fanginn Del var steiktur í rafmagnsstólnum án þess að höfuðsvampurinn hafi verið bleyttur sem leiddi til mikilla kvala er hann brann til dauða.

## Phil Connors

(Bill Murray)

**Kvikmynd:** The Groundhog Day (1993)

**Dauðdagi:** Ótalmargir

Dauðdagar veðurfréttamannsins Phil Connors eru mismunandi eins og þeir eru margir. Phil lenti í óheppilegu tímarugli og festist í sama deginum um nokkra stund. Hann reynir oft að enda líf sitt til að komast út úr tímaleysinu eins og til dæmis þegar hann keyrir fram af kletti, fer með brauðrist í baðið og gengur fyrir flutningabíl.



**BROSANDI MEÐ BRAUÐRIST Í BAÐI**



## Tony Montana

(Al Pacino)

**Kvikmynd:** Scarface (1983)  
**Dauðdagi:** Skotinn í spað

Glæpaforinginn Tony Montana bjóst svo sem við að útsendarar Alejandro Sosa væru á leiðinni en ákvað þó að fá sér vel af vafasómum eignum fyrir komu þeirra. Þar af leiðandi var hann í ruglinu þegar morðingjarnir mættu á svæðið og hagaði sér eins og óður maður er hann fékk hverja byssukúluna á fætur annari í sig.



KÓKAÍNÆVINTÝRI TONY HLAUT AÐ ENDA ILLA



ÞESSI MYND ER EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

## Lawrence

(Antonio David Lyons)

**Kvikmynd:** American History X (1998)  
**Dauðdagi:** Gangstéttarbrún

Eitt hrottalegasta morð kvikmyndasögunnar er án efa þegar nýnasistinn Derek Vinyard ákveður að refsa þjófinum Lawrence, lætur hann bita í gangstéttarbrún og sparkar því næst í höfuð hans. Ekki er við hæfi að lýsa þessum ógeðfella dauðdaga nánar og verða forvitnir lesendur því að horfa á myndina ef þeir treysta sér til.



BILL: „ÞÚ KOMST VIÐ HJARTAÐ Í MÉR“

## Bill

(David Carradine)

**Kvikmynd:** Kill Bill: Volume 2 (2004)  
**Dauðdagi:** Fimm punkta hjartsprengrandi lófataekni

Huldupersónan Bill birtist loks í seinni myndinni um hefndaræði Kiddo og hún ætlar sér að sjálf-sögðu að myrða hann. Kiddo notar sérstaka tækni sem hún lærði hjá sameiginlegum sensei hennar og Bill til að lífláta hann. Skrefin fimm að dauðanum eru dramatísk og dauðdagi Bill því með þeim frumlegri.



### LÍKLEGASTIR TIL SLÁTRUNAR

Sumir Hollywood-leikarar hafa oftast dáið í kvikmyndum en aðrir. Hér eru nokkrir sem eru líklegir til að leika persónur sem láta lífið.

- John Travolta (6 sinnum)
- Bruce Willis (5 sinnum)
- Gary Oldman (5 sinnum)
- Sean Bean (5 sinnum)
- Christopher Lee (4 sinnum)



### BRÆÐUR MUNU BERJAST



## Múfasa

(James Earl Jones)

**Kvikmynd:** Lion King (1994)  
**Dauðdagi:** Troðinn undir

Það eina sem Skari þráir er að verða konungur og hann er tilbúinn að gera allt til að ná því markmiði sínu, meira að segja drepa sinn eigin bróður. Atriðið þar sem Skari svikur Múfasa og lætur hann falla niður í hjörðina situr í öllum sem hafa séð það, bæði börnum og fullorðnum.



## Boromir

(Sean Bean)

**Kvikmynd:** The Fellowship Of The Ring (2001)  
**Dauðdagi:** Þrjár örvar

Forystuorki hitti Boromir með ör sinni í bringuna en það dugði ekki til. Boromir lét fyrstu örina ekki á sig fá og drap nokkra orka í viðbót áður en annari ör var skotið í brjóst hans. Í þetta skiptið féll hann á kné en ákvað þó að berjast áfram. Þriðja örin gerði svo útslagið og Boromir



lést í örmum Aragorn sem hann viðurkenndi loks að væri hinn sanni konungur í einum dramatískasta dauðdaga kvikmyndasögunnar.



ALLT ER ÞEGAR ÞRENT ER

# LITRÍKI VANILLUÍSINN

Í upphafi tíunda áratugarins braust fram tónlistarmaður sem olli vissum straumhvörfum í rappi. **Monitor** rifjaði upp sögu rapparans **Vanilla Ice** og rannsakaði hvað hann fæst við í dag.

Fyrir rúmum tuttugu árum braust fram tónlistarmaður sem í augum margra var viss brautryðjandi í rappi en er í dag álitinn af mörgum svokallað „eins smells undur“. Hann er titlaður sem fyrsti frægi hvíti rapparinn og átti fyrsta rapplagið sem komst á topp Billboard-listans, Ice Ice Baby.

#### Uppnefndur vegna hörundslitarins

Vanilla Ice fæddist í Dallas, Texas árið 1967. Hann öðlaðist sviðsnafnið Vanilla Ice upphaflega frá félögum sínum í breikdanshópi sem hann var meðlimur í á unglingsárunum. Vanillu-skírskotunin var upphaflega uppnefni þar sem hann var eini hvíti meðlimur hópsins. Ásamt því að dansa byrjaði hann að „free-style“ rappa í einkasamkvæmum en vakti fyrst athygli í þeirri listgrein þegar hann var manaður upp á svið á skemmtistað í Dallas. Hjólin á tónlistarferli fóru þá að snúast, en þangað til hafði hann eytt meira

púðri í mótorcross með ágætisárangri. Breikdanshópurinn var nefndur V.I.P. eða Vanilla Ice Posse og varð hluti af atriði rapparans. Í kjölfarið fékk rapparinn plötusamning hjá lítilli útgáfu og gaf út smáskífu sem innihélt lagið Ice Ice Baby á B-hliðinni. Það reyndist lagið sem kom rapparanum á kortið. Sagan segir að eftir velgengni lagsins hafi rappútgáfustórlax að nafni Suge Knight mætt á hótélherbergi Vanilla Ice og hótað því að henda honum af svölum herbergisins, sem var á fimmtánda hæð, ef hann afsalaði ekki höfundarrétti lagsins í hendur Knight sem hann og gerði.

#### Kvikmyndastjarna með skáldaða ævisögu


Smellurinn Ice Ice Baby var endurútfærinn á breiðskífunni To the Extreme sem kom út árið 1990 og seldist í um það bil fimmtán milljónum eintaka. Vanilla Ice varð því ein heitasta poppstjarnan í heimi stórstjarnanna. Hann túraði um heiminn, skartaði flottustu hárgreiðslunni, rakaði línur í augabrúnum sínum og var á listum glanstímarita yfir fallegustu karlmenn heims. Ef til vill náði hann hápunkti töffarans þegar hann varð kærasti Madonnu til átta mánaða en sjálfur hefur hann sagt að aðkoma hans að bíómyndinni Teenage Mutant Ninja Turtles 2, þar sem hann söng aðallag myndarinnar og lék í einu atriði, hafi verið eitt það svalasta sem hann hefur gert. Kvikmyndaferill Vanilla náði þó hápunkti og lágpunkti í senn þegar myndin Cool as Ice var framleidd með hann í aðalhlutverki. Til að gera langa sögu stutta er myndin með 8% í einkunn á Rotten Tomatoes og rapparinn hlaut Hindberjaverðlaun fyrir vikið. Um tíma var Vanilla Ice orðinn slík peningamaskína að plötu-fyrirtækið lét skrifa skáldaða ævisögu með dramatískum endurminningum sem þeir hugðust gefa út gegn vilja hans, einfaldlega til að þéna peninga.

#### Frægðarsólin lækkar

Það reyndist Vanilla Ice þrautin þyngri að viðhalda vinsældum sínum en önnur plata hans, tónleikaplatan Extremely Live, hlaut hroðalega dóma þótt hún hafi selst ágætlega. Sjálfur hefur rapparinn sagt að hann hafi átt í stríði við plötu-fyrirtækið sem reyndi að skapa honum ákveðna ímynd sem honum líkaði ekki. Vegna þessa stríðs fór hann að missa einbeitinguna og heillaðist af rastafari-trúarbrögðunum og kannabisreykingum. Þótt hann hafi gefið út aðra hljóðversplötu fékk hún litlar viðtökur og frægðarsól hans tók að lækka. Hann dróst út í harðari döpneyslu og brotlenti harkalega árið 1994 þegar reyndi að taka eigið líf.

#### Bölsýnisspádómurinn um Bieber

Næstu ár Vanilla Ice fóru í það að ná áttum eftir sjálfsvígstílaunina og tók hann sér því pásu frá tónlistinni og einbeitti sér að mótorcrossi og „jet ski“-íþróttinni. Í seinni tíð sneri hann aftur og hefur gefið út plötu með dekkri rapptónlist sem minnir um margt á grunge-rokk en nýjasta og sjötta hljóðversplata hans kom út fyrr á þessu ári. Hann hefur einnig verið duglegur í raunveruleikasjónvarpi, svo sem þáttunum The Vanilla Ice Project þar sem goðið útbrunna gerir upp gömul hús en þættirnir eru enn í framleiðslu. Á næsta ári kemur út kvikmynd



ÍSINN MED EITRAÐAR  
AUGABRÚNIR

## Hafðu það aðeins betra

Námsmönnum í Námsvild bjóðast námsstyrkir, bókastyrkir, fríar debetkortafærslur og margt fleira. Handhöfum stúdentakortsins bjóðast einnig ýmis sértíloð og afslættir svo þeir hafi það aðeins betra.

Kynntu þér Námsvild í næsta útibúi eða á [www.isb.is](http://www.isb.is).

**ÞAÐ ER SPURNING HVAD  
FÁANEFND USA HEFUR  
ÞÓTT UM ÞENNA GALLA**

## FÉKK BASSALÍNU „LÁNAÐA“ FRÁ QUEEN

Lagið Ice Ice Baby er langfrægasta lag Vanilla Ice. Eins og kunnugt er var bassalína lagsins fengin að láni úr lagi Queen og David Bowie, Under Pressure. Þegar lagið sló í gegn sagði Vanilla Ice sjálfur að bassalínurnar væru ekki eins þar eð hann hafði bætt einni nótu við. Í seinni tíð sagði hann þessi orð hafa verið grín. Sagan segir að Brian May, gítarleikari Queen, hafi heyrt lagið í fyrsta sinn á diskóteki í Þýskalandi. Þegar hann spurði plötusnúðinn út í lagið var honum sagt að lagið væri í fyrsta sæti allra helstu vinsældarlistanna í Ameríku. Jim Carrey gerði fræga grínútgáfu af lagiinu með tilheyrandi myndbandi sem sjá má á YouTube sem nefnist White White Baby.

með Adam Sandler í aðalhlutverki sem Ice fer með aukahlutverk í en hann þeytir einnig frumraun sína í leikhúsi þegar hann mun fara með hlutverk Kapteins Króks í uppsetningu á Pétri Pan í London. Vanilla komst síðast í fjölmiðla þegar hann spáði Justin Bieber stjörnuhrapi á næstu árum og að það yrði áhugavert að fylgjast með því þegar vinsældir hans hyrfu. Síðan þá hefur reyndar rapparinn haldið því fram að þessi ummæli hafi alls ekki komið frá honum heldur hafi æsifréttnamiðlar skáldað viðtalið og áréttaði að hann væri ágætisfélagi Bieber. elg

## Hafðu bankann með þér

Skannaðu stríkamerkid til að sækja „appið“ í símann



Sæktu „appið“ í snjallsímann þinn á [m.isb.is](http://m.isb.is).



<http://www.islandsbanki.is/farsiminn/>



**Íslandsbanki**

## ROBERT MATTHEW VAN WINKLE

**Fæðingardagur:** 31. október 1967.

**Eitruð tilvitnun:** „Ég rappa um það sem ég þekki, stelpur og þannig. Það er það sem er í gangi í hausnum á mér.“

**Staðreyndir um Vanilla Ice:**

- Er sagður vera fyrsti rapparinn til að troða upp í Kína.
- Er grænmetisæta.
- Var handtekinn í júní árið 1991 fyrir að hafa hóttað heimilislausum manni með skammbýssu eftir að maðurinn hafði reynt að selja honum silfurkeðju.
- Var sektaður árið 2004 eftir að gæludýrin hans, kengúran Bucky og geitin Pancho, sluppu burt af heimili hans í Flórída. Skepnurnar vöppuðu lausar um hverfið í rúma viku áður en það náðist að handsama þær.
- Fred Durst, söngvari Limp Bizkit, sagði eitt sinn í viðtali á hápunkti sinnar fræggðar: „Ef það væri ekki fyrir Vanilla Ice, þá væri enginn okkar hvítu strákanna hérna í dag.“
- Á tvær dætur, þær Dusti Rain (fædd 1998) og KeeLee Breeze (fædd 2000).

„Loud noises!“  
(Brick, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy)

## FERILLINN



### Paul Rudd

**Hæð:** 175 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Peter Klaven í I Love You, Man.  
**Staðreynd:** Fjölskylda Paul var upprunalega frá Rússlandi og Póllandi og afi hans breytti eftirnafninu Rudnitzky í Rudd.  
**Eitruð tilvitnun:** „Slappin’ da bass.“

**1969** Fæðist 6. apríl í Passaic í New Jersey. Tíu ára flytur hann til Kansas og gengur þar í háskóla.

**1995** Leikur Josh í Clueless. Þessi ærslafulli karakter nær vel til ungu kynslóðarinnar í Ameríku.

**2001** Landar hlutverki Andy í Wet Hot American Summer. Eftir Clueless stefndi allt í að Rudd myndi verða B-mynda leikari í Hollywood en WHSA kom honum aftur á kortið sem gamanleikara.

**2002** Kemur fram í Friends-þáttunum sem hinn ljúfi Mike Hannigan. Alls leikur hann í 18 þáttum og giftist Phoebe í þáttinum „The one with Phoebe’s Wedding“ í tíundu þáttaröðinni.

**2003** Giftist kærustu sinni til fimm ára, Julie Yaeger. Þau eiga tvö börn.

**2004** Hefur farsælt samstarf með Judd Apatow og félagum þegar hann leikur Brian Fantana í Anchorman. Ári síðar leikur hann svo David í 40 Year Old Virgin sem einnig er framleidd af Judd Apatow.

**2007** Leikur pirraða eiginmanninn í Knocked Up. Sama ár leikur hann í, The Ten en sú mynd þótti mikil vonbrigði sem og myndin Over Her Dead Body þar sem Rudd lék á móti Evu Longoria.

**2008** Rudd fær fólk til að gleyma vonbrigðum ársins á undan þegar hann leikur hinn eittraða, Chuck, í Forgetting Sarah Marshall.

**2009** Leikur hinn vinafáa Peter Klaven í I Love You, Man og leikur þar aftur á móti Jason Segel. Talar inn á Monsters vs. Aliens.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Algjör Sveppi og töfraskápurinn

Flestir vita að í herberginu hans Sveppa er töfrum gæddur skápur þótt fáir viti í hverju töfrumir felast. Dag einn lokast Ilmur, vinkona Sveppa, inni í skápnum og kemst ekki út. Nú er illt í efni og versnar til muna þegar í ljós kemur að illmennni í útlöndum ásælist skápin og lætur ræna honum. Þar með hefst æsilegur eltingarleikur og ævintýri þar sem þeir Sveppi, Villi og Góí þurfa að elta bófana, svindla sér inn á Þjóðminja-

safnið, hjóla um á þotuþjólum og læra á fljúgandi húsgögn svo eitthvað sé nefnt. Leikurinn berst síðan um víða velli, út á sjó, upp í loft og meira að segja upp á jökul. Útsjónarsemi félaganna er sem fyrr með ólíkindum og þótt hætturnar leynist við hvert fótmál fer svo að lokum að sagan fær farsælan endi og sannar um leið hið fornkevna að allt er gott sem endar vel.

**Leikstjóri:** Bragi Þór Hinriksson.  
**Aðalhlutverk:** Sverrir Þór Sverrisson, Vilhelm Anton Jónsson og Guðjón Davíð Karlsson.  
**Langd:** 90 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfbakka, Egilshöll og Kringlunni.

**FRUMSÝND 9. SEPTEMBER**

**Aðrar frumsýningar:** Melancholia - Knuckle - Another Earth - Our Idiot Brother - Fright Night - Colombiana - Rabbit Hole - Casino Jack

**f VILTU MIÐA?** Monitor ætlar að gefa miða á stórmyndina **Algjör Sveppi**, fylgstu með...  
[facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid)

## Tom svo lélegur að það var algjört Green

Monitor hoppaði aftur um tíu ár og tók út kvikmyndaárið 2001 í Hollywood.




### HINDBERJAVERÐLAUNIN

- VERSTA MYNDIN:** FREDDY GOT FINGERED.
- VERSTI LEIKSTJÓRINN:** TOM GREEN FYRIR FREDDY GOT FINGERED.
- VERSTI LEIKARINN:** TOM GREEN FYRIR FREDDY GOT FINGERED.
- VERSTA LEIKKONAN:** MARIAH CAREY FYRIR GLITTER.

- ### TÍU TEKJUHÆSTU MYNDIR HOLLYWOOD
1. HARRY POTTER AND THE PHILOSOPHER'S STONE
  2. LORD OF THE RINGS: THE FELLOWSHIP OF THE RING
  3. MONSTERS INC.
  4. SHREK
  5. OCEAN'S ELEVEN
  6. PEARL HARBOR
  7. THE MUMMY RETURNS
  8. JURASSIC PARK III
  9. PLANET OF THE APES
  10. HANNIBAL

### ÓSKARSVERÐLAUNIN

- BESTA MYNDIN:** A BEAUTIFUL MIND.
- BESTI LEIKSTJÓRINN:** RON HOWARD FYRIR A BEAUTIFUL MIND.
- BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI:** DENZEL WASHINGTON FYRIR TRAINING DAY.
- BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI:** HALLE BERRY FYRIR MONSTER'S BALL.



### Góður leikur í þunnum þrettánda

Myndin fjallar um ungan mann, Latif Yahia, sem er neyddur til að verða staðgengill Uday Hussein, eins af sonum Saddams Husseins. En í því felst að koma fram og gera oftar en ekki hættulega hluti sem Uday Hussein vill ekki gera.

Það sem stendur upp úr í þessari mynd er klárlega frammistaða Dominic Cooper en hann fer bæði með hlutverk Uday Hussein og Latif Yahia staðgengilsins. Hann rúllar þessu upp og það er virkilega gaman að fylgjast með honum. Kvikmyndatakan og útfærslan á því þegar þeir eru að leika á móti hvor



öðrum er einnig mjög góð sem gerir það að verkum að maður kaupir frammistöðu Coopers enn betur. En þrátt fyrir þessa snilld er myndin sjálf ekki upp á alltof marga fiska. Það eru vissulega alveg nokkur góð og grípandi atriði í henni en hún nær sér aldrei almennilega á flug. Það er þó gaman og áhugavert að fá innsýn inn í það hvernig hlutirnir gengu fyrir sig á þessum tímum og að skyggast inn í heim staðgengla. Það síðarnefnda vekur mann til umhugsunar um það hvort þetta sé jafnvel mikið stundað í dag. Eitt af því sem dregur myndina talsvert niður er karakter Ludivine Sagnier en hún leikur ástkonu Uday Hussein. Hún var bara ekki alveg nógu góð. Hún gerði ef til vill sitt besta en manni var bara alveg sama um hana. Allt sem tengdist hennar karakter var mjög fyrirsjáanlegt, illa skrifað og illa leikið.

Þrátt fyrir þetta þá er myndin aldrei leiðinleg og er fínasta afþreying. Alveg þess virði að sjá Cooper gera sínum hlutverkum góð skil. Hún lúkkar líka vel og er sannsöguleg þannig að hún hefur vissst fræðslugildi líka. Margir munu þó eflaust verða fyrir nokkrum vonbrigðum og þeir sem eru að búast við einhverjum Scarface-tryllingi eins og einhver orðaði það ættu jafnvel bara að halda sig heima og halda áfram að horfa á trailerinn.

Kristján Sturla Bjarnason

### DEVIL'S DOUBLE



# Eru öll símtöl endalaus?

**A**ð tala í síma er góð skemmtun og í nútímasamfélagi er enginn maður með mönnum nema hann eigi gemsa. Sumir láta sér nægja að eiga töl sem dugir í einföldustu aðgerðir eins og símtöl, SMS og býr kannski í mesta lagi yfir fornaldarlegum snákatölvuleik en aðrir ganga alla leið og fjárfesta í svokölluðum snjallsíma sem þeir síðan eyða öllum dauðu punktum hversdagsins í.

**F**yrr nýfullorðinn maður eins og mig er erfitt að ímynda sér tilveruna án farsíma. Óneitanlega er maður háður þessari tækni og ein besta birtingarmynd þess kemur fram í óþolinmæði. Þá á ég við óþolinmæði sem lýsir sér í því að það einfaldlega þurrar mig þegar ég næ ekki sambandi við einhvern sem mig langar að ná í undir eins, jafnvel þótt ég viti að hann sé úti á landi eða þess vegna í útlöndum. Maður gerir ósjálfrátt þá kröfu að hægt sé að ná í alla hvar og hvenær sem er.



**Þ**egar ég næ sambandi við fólk vara símtölin mislengi líkt og gengur og gerist. Að undanförunu hef ég velt framvindu samtala minna svolítið fyrir mér og í kjölfarið hef ég eignast uppáhaldskafla í öllum símtölum. Þótt oft svari fólk í síma á hressan, skemmtilegan og frumlegan máta sem kann að gleðja mig, þá er það þó ekki uppáhaldskaflinn heldur að sjálfsögðu kveðjustundin.

**Þ**að er svo fyndið hvernig nánast undantekningarlaust á sér stað atburðarás undir lok samtalsins sem lýsir sér einhvern veginn svona:

- Ég: Heyrðu, segjum það bara!
- Hinn: Ókei, flott er.
- Ég: Já, hafðu það gott.
- Hinn: Sömmuleiðis, ég bið að heilsa.
- Ég: Já, sömmuleiðis.
- Hinn: Ókei, heyrumst.
- Ég: Já, segjum það...



**O**g svona skjótum við einhverjum hálfvandráðalegum kveðjum fram og til baka svo símtalið líkist frekar borðtennis en hefðbundnum samræðum. Það er nánast að einmitt þessi romsa hér að ofan sé tví- eða þrítekin. Ég veit svo sem ekki af hverju þetta er svona, og ég upplifi þetta ekkert endilega sem vandræðalega stund, en það er eins og hvorugur viti hvenær rétta augnablikið til að kveðja almennilega í eitt skipti fyrir öll og slíta samtalinu sé.

**Í**komandi símtölum mínum hyggst ég brydda upp á nýjung. Hugmyndina að nýjunginni er ekki langt að sækja, hún er undir áhrifum bandarískra sjónvarpsþátta og kvikmynda. Það kannast allir við hvernig símtölin þar fara fram. Ég á ekki við að ég ætli að vera hlaupandi um með byssu í annarri og skýla mér á bak við bíl á meðan ég garga í símann. Það er nefnilega þannig að lifendur í heimi bíómynda eru einhverra hluta vegna lausir við þetta vandamál að kveðjustund hvers samtals vari að eilífu, þeir þurfa ekki einu sinni að kveðja. Þeir einfaldlega finna á sér nákvæmlega hvenær öllum upplýsingum hefur verið komið til skila í samtalinu og skella á, án þess einu sinni að segja „bless“. Mig dreymir um að eiga slíkt símtal og ætla því að láta reyna á þetta í hvívetna á næstu dögum. Hver veit nema byssuhasarninn í anda Jack Bauer fylgi í kjölfarið síðar og seinna meir.

## ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
einar@monitor.is



## TÖLVULEIKUR



Driver

MMMMM

Tegund: Bílaleikur

PEGI merking: 12+

Útgefandi: Ubisoft

Dómar: Gamespot 8 af 10 /  
IGN 8 af 10 / Eurogamer 8 af 10



## Keyrum þett'í gang

Eitt harðasta ástar-haturssamband sem ég hef átt við tölvuleik er samband mitt við Driver-leikina. Þessir vinsælu bílaleikir hafa verið töff og flottir á yfirborðinu, en innihaldið hefur oftast en ekki verið pirrandi og illa hannað, svolítið eins og Fjölnir Þorgeirsson með persónuleika górilla.

Í síðustu viku kom út nýr Driver-leikur eða Driver San Francisco og hér hefur greinilega allt verið lagt undir til að bjarga þessari nafntöguðu seríu.

Sem fyrr fara leikmenn í hlutverk John Tanner þar sem hann eltist við hinn grjótharða glæpamann, Jericho. Leikurinn byrjar með brjáluðu hasaratriði þar sem Tanner lendir í árekstri og endar hann í dái á spítala. Það er svo í þessu ástandi sem leikurinn gerist, en við áreksturinn öðlaðist Tanner hæfileika til að „skutla“ sér á milli líkama.

„Skutlið“ er ein helsta nýjung leiksins, en með því getur Tanner hent sér inn í líkama allra bílstjóra borgarinnar og nota leikmenn þetta til að fara á milli verkefna og til að velja sér bíla. Sál Tannersins hreinlega svífur yfir borginni og með því að setja bendilinn yfir ákveðinn bíl og ýta á einn takka, veður hann inn í líkama bílstjóra og klárar þau verkefni sem honum fylgja. Verkefni leiksins eru fjölbreytt og auk þess að vaða í gegnum söguþráðinn þurfa leikmenn að framkvæma hin ýmsu áhættuatriði, taka þátt í kappakstri, elta glæpamenn, keyra leigu- og sjúkrabíla og margt fleira. Við hvert verkefni safna leikmenn punktum sem þeir geta svo notað til að uppfæra bílana og kaupa nýja.

Það er klárt að Driver fær helling að láni frá opnum bílaleikjum á borð við Burnout Paradise, en það er bara allt í lagi, enda fara þeir vel með efniviðinn.



Fjölsþilun leiksins er mjög öflug og er hægt að spila bæði tveir saman á eina tölvu eða með fleirum í gegnum netið. Alls eru sex mismunandi möguleikar til að spila Driver í gegnum netið.

Grafíkin í Driver San Francisco er mjög góð, sérstaklega í bílum og umhverfi leiksins, en framleiðendur leiksins eru með leyfi allra helstu bílaframleiðenda. Einnig er grafíkin í andlitsshreyfingum persóna með því flottara sem maður hefur séð. Tónlistin er ágæt og hentar leiknum vel, sama á við um talsetningu sem er alveg til fyrirmyndar.

Það er klárt að það er töluvert meiri ást en hatur í loftinu hjá mér eftir að hafa spilað þennan nýjasta leik Driver-seríunnar, enda er leikurinn stútfullur af efni sem endist í fleiri tugi klukkutíma.

Ólafur Þór Jónsson



Meira Ísland

Hafnarþjófur

# Meira Ísland með Símanum á stærsta 3G neti landsins

M-ið er ómissandi ferðafélagi

siminn.is

Greitt er samkvæmt gjaldskrá. Nánar á Siminn.is

# MONITOR

ALLT AÐ GERAST - ALLA FIMMTUDAGA!

**BLAZ ROCA OG FRIDRIK DÓR ÁSAMT GESTUM**

Laugardagur 10. september  
Nasa kl. 23:30



**Þétt og hresst dæmi**

„Þetta verður „mega-show“, þarna verðum við Erpur með Páli Óskari, Steinda og öllum þeim. Það má búast við þéttu og hrikalega hressu dæmi,“ segir Fridrik Dór um komandi átök á Nasa. „Etlí við Erpur tókum ekki megnið af okkar plötum og svo koma gestirnir með sín innslög. Þetta verður veisla.“ Miðaverð 1500 kr. og með hverjum seldum miða fylgir eintak af KópaCapana eða Allt sem þú átt.

**fílófaxið**

fimmtudagur **8** sept

föstudagur **9** sept

**KREPPUKVÖLD – WICKED STRANGERS**

**Bar 11**  
**21:00** Kreppukvöldin á Bar 11 hafa notið ágættra vinsælda og að þessu sinni er komið að hljómsveitinni Wicked Strangers að stíga á stokk á slíku kvöldi. Hljómsveitin lenti í 3. sæti á Músíktilraunum í vor og sendi nýverið frá sér lagið Irresistible. Fritt inn.

**PORQUESÍ**

**Dillon Rock Bar**  
**21:00** PORQUESÍ heldur tónleika í einu helsta rokkhýsi Laugavegarinnar. Bændið vinnur þessa dagana að sinni annarri plötu sem er væntanleg fyrir lok árs. Fritt er inn á tónleikana en gera má ráð fyrir að bændið stígi á stokk um kl. 23:00.

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR HAM**

**Nasa**  
**22:00** Hljómsveitina HAM þarf ekki að kynna fyrir neinum. Hægt er að lesa heilan helling um þessa goðsagnakennda hljómsveit í forsiðuvíðtali þessa tölublaðs en hljómsveitin fagnar útgáfu nýrrar plötu í kvöld á Nasa. Búast má við húsfalli og brjáláðri stemningu. Miðaverð er 2.500 kr. og aldurstakmark er 20 ár.

**BJÚDDARINN 2011**

**Faktorý**  
**21:00** Íþróttaliðið KF Mjóðm stendur fyrir skemmtikvöldi þar sem fram koma tónlistarmenn á borð við Berndsen, Fallega menn og Benna Hemm ásamt fleirum. Einnig fer fram útskýring, Guinness-þambkeppni ásamt fleiri hressum og jafnvel óvæntum uppkomum. Aðgangseyrir eru 1.500 kr.

**laugardagur 10 sept**

**BIEBER PARADE**

**Hlemmur**  
**16:00** Aðdáendur Justin Bieber hér á landi ætla að sameinast á Hlemmi og þramma niður á Ingólfstorg í von um að það lokki ungstímið til Íslands. Sjá nánar á bls. 3.

**RVK SOUNDSYSTEM**

**Hemmi og Valdi**  
**22:00** Reggihljómsveitin Rvk Soundsystem heldur mánaðarlega tónleika sína á Hemma og Valda. Fritt inn.

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

**Stelpur og strákar!**  
Loksins er komin lausn sem skilar árangri í baráttunni gegn bólunum

Í Proactiv® Solution, þrjú gilla þrepa bólu- og húðhreinisferfinu, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og friskri.

Vegna þess hve örugg við erum um að Proactiv® Solution sé rétta bólu- og húðhreinisferfið fyrir þig bjóðum við þér að prófa það án áhættu og með skilarétti í allt að 60 daga. Þannig sannfærst þú um virkni Proactiv® Solution.

Við bjóðum þér að prófa Proactiv® Solution og erum fullviss um að þú nái sama árangri og milljónir ánægðir notendur um allan heim.

**Ef þú nærð ekki árangri, þá færðu endurgreitt. Við lofum því.**

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar á [heilsubudin.is](http://heilsubudin.is) án áhættu!

**proactiv SOLUTION**  
**Heilsubudin.is**  
- bætt útlit, betri líðan

Eftirtalín sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution.

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108  
URDARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115  
LYFJAVER, Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK GARDABÆJAR, Litlatúni 3  
APÓTEK HAFNARFJARDAR, Tjarnarvöllum 11

**LOKAPRÓFIÐ**

| 8. september 2011 |



Ég heiti Elinborg Ingvarsdóttir

Ef ég væri ekki Elinborg Ingvarsdóttir væri ég

Þú veist hver ég er af því að 'Ég spila fótbolta með toppliði '18V og veiti viðtel' í sturtu.



- a) Elín Hirst, fréttakona
  - b) Björn Borg, tennisleikari**
  - c) Reykjavíkurborg, höfuðborg Íslands
  - e) E line, samgönguleið á Manhattan
- af því að hann er fagmaður.



Lagið sem ég syng alltaf í sturtu er að sjálfsögðu

- a) Singing in the Rain
- b) It's Raining Men**
- c) Purple Rain
- d) Why Does it Always Rain on Me
- e)



Ef ég væri ekki fótboldrottning þá væri ég

- a) söngkona.
- b) áhættuleikkona.**
- c) fyrirsæta.
- d) forstjóri stórfyrirtækis.
- e) starfsmaður á Sorpu.

af því að það rignir inn strákunum á facebook þessa dagana.

Rúttinan mín í sturtu er alltaf:

- a) raka fætur, sápa mig, setja sjampó og svo hárnæringu.
- b) setja sjampó og hárnæringu, sápa mig og raka svo á mér fæturna og undir höndunum.**
- c) sápa mig, snúa mér í hálfan hring, sjampó og enginn rakstur.
- d) sápa á mér bakið, set sjampó í hárið, sápa rest og skola svo allt á sama tíma.



Það sem fáir vita um mig er 'Ég elska mat og nýja skó, Sigga Hall og Óla Jó.

Skemmtilegasta liðið sem ég hef spilað með á ferlinum er

- a) Grindavík
- b) U-19 landsliðið**
- c) JBV
- d) A-landsliðið
- e) Það er ekki hægt að velja á milli



Uppáhaldsbærinn minn á Íslandi er

- a) Grindavík**
- b) Vestmannaeyjabær
- c) Höfn í Hornafirði
- d) Suðureyri
- e)

Því þar get ég a) fengið mömmumat b) Spilað með liðinu mínu.



Ef ég mætti leika í sjónvarpsþætti yrði

- a) How I Met Your Mother – Robin**
- b) Gossip Girl
- c) Vampire Diaries
- d) Private Practice fyrir valinu.

Fyndnasta erlenda stelpan í ÍBV-liðinu er

- a) Vesna Smiljkovic**
- b) Julie Nelson
- c) Melissa Cary
- d) Danka Podovac

og það myndasta sem hún hefur sagt er Vildi meina að hún væri orðin forsetisráðherra eftir að við tryggðum okkur 3 setið. Veit ekki hvað hún meinar með því...

Síðasta sms sem ég fékk var frá Kristín Ernu, 18V

og í því stóð Gróður leikur Elinborg, stóðst þig vel. (göð hvatning frá göðum leikmanni)



Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Fyrstu milljón manneskjurnar sem leggja inná: 0143-26-XXXX fara í pott þar sem einn heppinn vinnur og fær að fara í sturtu með mér.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:  
Elinborg#18

**Síðast en ekki síst**

» **Lúlli**, Rottweiler-hundur og dagskrárgerðarmaður, fílar:


**Kvikmynd:** Ég er mjög mikill Lord of the Rings-aðdáandi. Viggo Mortensen var víst í frumsýningarpáttinu hjá Týndu kynslóðinni. Það hefði verið gaman að detta í smá spjall við hann.



**Sjónvarpsþáttur:** Ég er að horfa á Breaking Bad og Game of Thrones en svo er ég líka að fylgjast með Jersey Shore, það er bara of gott. Mike „The Situation“ endaði í sjúkrahúsi í síðasta þætti, rosa fínt.



**Bók:** Ég kláraði að lesa The Hobbit um daginn. Ákvað að lesa hana eftir að ég frétti að það á að gera kvikmynd eftir bókinni sem er mjög spennandi.



**Plata:** Það sem er í gangi hjá mér er Köpucabana með Blaz annars var ég að fara yfir plötuna Mennesker með danska rapparanum Marwan, mjög fin plata, mæli með henni.



**Vefsíða:** Ég les helstu fréttamiðlana á hverjum degi en annars eyði ég mestum tíma inni á Facebook og Fótbolti.net



**Staður:** Tapas barinn er í miklu uppáhaldi en það er alltaf gaman að fara á Prikíð að fá sér.



DC DOUBLE  
C H E E S E



K Y N N I R



# big ROYAL

**150 GRAMMA HAMMARI MEÐ GRILLBRAGÐI!**

Í AÐALHLUTVERKI

100% NAUTAKJÖT 150G TVÆR OSTSNÆIÐAR ÍSLENSKAR GÚRKUR BUFFTÓMATUR  
RAUÐLAUKUR BRAKANDI FERSKT SALAT ROYAL HAMBORGARASÓSA RAUÐ PAPIKA HAMMARABRAUÐ

# Rétta leiðin fyrir þig



Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnotendur

Þú færð meira hjá Símanum!

Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavinum Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum

<p><b>Ódýrari mínútur</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*</p> <p>Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands</p> <p>590 kr. mánaðargjald</p> <p>*1.000 mín./ 500 SMS á mánn.</p>	<p><b>3 vinir og 300 SMS</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina</p> <p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p> <p>1.390 kr. mánaðargjald</p> <p>*600 mín./ 300 SMS á mánn. 300 MB á mánn. fylgir til áramóta.</p>	<p><b>6 vinir óháð kerfi</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*</p> <p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p> <p>2.190 kr. mánaðargjald - Veldu áskrift eða Frelsi</p> <p>*Áskrift 1.000 mín./ 500 SMS á mánn. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.</p>	<p><b>1000 mínútur</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*</p> <p>Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið</p> <p>7.990 kr. mánaðargjald</p> <p>*1.000 mín./ 500 SMS á mánn.</p>	<p><b>Ring</b></p> <p>Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir</p> <p>0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald eða</p> <p>0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald*</p> <p>*1.000 mín./ SMS á mánn.</p>

siminn.is

